

# Starfsleyfi

## fyrir vatnsveitu Akraneskaupstaðar

**Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, hefur í dag hlotið starfsleyfi til reka vatnsveitu Akraneskaupstaðar, í samræmi við fyrirliggjandi starfsleyfisumsókn og -skilyrði.**

**Forsvarsmður: Loftur Gíssurarson**

### 1. Almenn ákvæði

Starfsleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um meðferð matvæla.
- b) Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um almennt hreinlæti og innra eftirlit sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
- c) Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um athafnasvæði matvæla­fyrirtækja eftir því sem við á.
- d) Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um búnað, tæki, áhöld og innréttingar.
- e) Fyrirtækið skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 og 805/1999 vegna úrgangs sem til fellur.
- f) Fyrirtækið skal gæta ákvæða 5. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 vegna heilsu starfsmanna.
- g) Gæði neysluvatns skulu ávallt uppfylla ákvæði neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001.
- h) Eintök af starfsskilyrðum þessum skulu ávallt tiltæk hjá forsvarsmanni.
- i) Forsvarsmður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við starfsskilyrði heilbrigðis­nefndar.
- j) Fyrirhugaðar minni háttar breytingar á rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestur­lands. Verði um meiri háttar breytingu á rekstri að ræða, skal sótt um nýtt starfsleyfi.
- k) Um aðbúnað, hollustu og öryggi starfsfólks fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 þar um og reglum settum samkvæmt þeim.
- l) Framsal starfsleyfis er óheimilt.

### 2. Gjaldskylda

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við sýnatökur og reglubundið eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.

### 3. Gildistaka.

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við 4. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 og 3. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla með síðari breytingum, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir, öðlast þegar gildi og gildir til 16. desember 2012..

Borgarnesi, 16. desember 2002.

